

bandarískum dollurum á hverjum tíma, að viðbættum 6% ársvöxtum til 21.4. 1982, en að viðbættum 5% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði Gísli greiði og Othari Erni Petersen hrl. f.h. Continental Rubber B.V. hollensk gyllini (H.fl.) 21.267,03 og Guðmundi Jónssyni hdl. f.h. TBA Trading Kolding Aps. danskar krónur 14.388,00.

Ákærðu allir greiði in solidum sakarkostnað vegna ákæru dags. 11. janúar 1980, en ákærði Gísli greiði sakarkostnað vegna ákæru dags. 11. júní 1981. Auk þess greiði ákærðu skipuðum verjendum sínum sem hér segir:

Ákærði Gísli greiði Sigurði Sigurjónssyni hdl. málsvarnarlaun, kr. 30.000,00.

Ákærði Þorvaldur greiði Kjartani Reyni Ólafssyni hrl. réttargæslubóknun og málsvarnarlaun, kr. 25.000,00.

Ákærði Halldór greiði sama lögmanni málsvarnarlaun, kr. 20.000,00.

Ákærði Geir greiði Sigurði Sigurjónssyni hdl. málsvarnarlaun, kr. 12.500,00.

Ákærði Hrafnkell greiði sama lögmanni málsvarnarlaun, kr. 12.500,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 10. júní 1985.

Nr. 131/1985. **Dánarbú Magnúsar Ólafssonar**

gegn

Ólafi Hrólfsyni og

Ragnari Halldóri Hall, skiptaráðanda

í Reykjavík

Kærumál. Kærufrestur. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur skotið hinni kærðu dómsathöfn til Hæstaréttar með kæru 21. maí 1985, sem barst Hæstarétti 23. s.m. Hann krefst þess, að hin kærða dómsathöfn verði úr gildi felld og lagt fyrir skiptaráðanda að verða við beiðni skiptaráðandans í Hafnarfirði þess efnis, að tilteknir munir, sem tilheyra dánarbúi Magnúsar Ólafssonar, verði teknir úr förum Ólafs Hrólfssonar, og taki skiptaráðandi ofangreinda muni, er dánarbúið telur sig eiga, úr vörslu Ólafs svo og aðra muni dánarbúsins, er finnast kunna, með eða án venjulegrar aðstoðar lögreglu og færi þá í dánarbúið eða innsigli munina. Sóknaraðili krefst kærumálskostnaðar úr hendi Ólafs Hrólfssonar.

Ragnar Halldór Hall skiptaráðandi hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar, sbr. 27. gr. laga nr. 75/1973.

Af hálfu varnaraðiljans Ólafs Hrólfssonar hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Málsatvik eru þau samkvæmt frásögn umboðsmanns sóknaraðilja, að hinn 28. desember 1983 andaðist Magnús Ólafsson, síðast til heimilis að Öldutúni 14 Hafnarfirði, f. 23. ágúst 1914. Dánarbú hans var tekið til opinberra skipta hjá skiptaráðanda í Hafnarfirði 12. janúar 1984. Erfingjar hans voru dóttir hans, Hulda Rósfríður, og systursonur hans, varnaraðilinn Ólafur Hrólfsson, nú talinn til heimilis að Skipasundi 6 í Reykjavík, bréferfingi samkvæmt erfðaskrá. Með bréfi 29. mars 1984 til skiptaráðandans í Reykjavík óskaði skiptaráðandinn í Hafnarfirði eftir því, að tilteknir munir, sem taldir voru tilheyra dánarbúinu, yrðu teknir úr vörslum varnaraðiljans Ólafs Hrólfssonar. Beiðni þessi var tekin fyrir í skiptarétti Reykjavíkur 6. maí 1985, og var þá m.a. bókað í þingbók:

„Af hálfu dánarbús Magnúsar Ólafssonar sækir þing Sigurður Georgsson hdl. Valgeir Kristinsson hdl. hafði símasamband við dómarrann rétt í þann mund er erindi þetta skyldi tekið fyrir og tilkynnti að umbjóðandi hans, Ólafur Hrólfsson, væri utanbæjar. Kvað lögmaðurinn umbjóðanda sinn ekkert hafa á móti því, að skiptaráðandi skrifaði upp þá muni, sem erindi þetta varðar, en því væri algerlega mótmælt að umræddir munir yrðu teknir úr vörslum hans. Teldi Ólafur Hrólfsson sig eiga alla þá muni, sem dánarbúið væri að gera hér tilkall til.

Skiptaráðandi tekur fram, að samkvæmt 35. gr. skiptalaga nr.

3/1878 er skiptaréttur ekki bær að úrskurða um kröfur dánarbús á hendur öðrum, hvort heldur um er að ræða fjárkröfur eða kröfur um annað, þ.m.t. kröfur um afhendingu muna. Fyrir liggur, að þeir munir, sem beiðnin á dskj. 1 tekur til, eru í vörslum aðilja, sem ekki fellst á að láta þá af hendi. Verður ekki fjallað um afhendingarskyldu hans eða eignarhald að umræddum munum í skiptarétti.

Samkvæmt framangreindu er meðferð erindisins á dskj. nr. 1 lokið hér fyrir réttinum.“

Þessi ákvörðun skiptaráðandans er dómsathöfn sú, sem kærð er til Hæstaréttar.

Af framangreindri bókun í þingbók kemur fram, að Sigurður Georgsson héraðsdómslögmaður sótti þing sem umboðsmaður sóknaraðilja, þegar hin kærða ákvörðun var tekin 6. maí 1985. Dómsathöfninni var ekki skotið til Hæstaréttar fyrr en með kæru 21. maí, eins og að framan segir, en þá var liðinn frestur sá, sem greinir í 22. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.
